43 23. marz. Út af þessu vil jeg hjer með þjónustusamlega biðja yður, herra amtmaður, að tilkynna sýslumanninum það, er nú skal greina.

Það leiðir af eðli hlutarins og almennum reglum um gildi laga, að það eitt er eigi einhlítt til að fella úr gildi önnur eins lagafyrirmæli og þau í 3. gr. laganna 15. apríl 1854, að yngri lög minnka ríki þeirra, eða undanskilja eitthvað, sem áður hefir heyrt undir þau; eða, með öðrum orðum, að slík lagafyrirmæli verða eigi álitin svo sem þegjandi eða óbeinlínis numin úr gildi, nema því að eins, að hin yngri lög nemi burt *öll* þau skilyrði, er eldri lögin hafa verið byggð á. En því fer svo fjarri um tilskipun 12. febr. 1872 og lög 17. desbr. 1875 í sambandi þeirra við áminnzta 3. gr. í lögum 15. apríl 1854, að þau leyfa engan veginn öllum útlendum fiskiskipum að sigla upp allar aðrar hafnir hjer á landi, án þess að koma áður við á einhverri af þeim 6 höfnum, sem nefndar eru í 2. gr. í lögum 15. apríl 1854, heldur leyfa að eins útlendum fiskimönnum er stunda fiskiveiðar við strendur landsins, að leita hjer hafnar *í neyð sinni*. En hve nær sem öðruvísi stendur á, verður að beita reglunni í lögum 15. apríl 1854, og það þótt útlend fiskiskip eigi í hlut, og eins um þau skip, er koma hingað beina leið frá útlöndum annaðhvort til að sækja aflann frá fiskiskipunum sjálfum, eða til að færa þeim eða sjávarútvegsmönnum vörur, sem heyra til útvegsins. Þegar svo ber undir, að kaupskip eða eitthvert fiskiskip, sem getur um í tilsk. 12. febr. 1872 og lögum 17. desbr. 1875, gjörist brotlegt gegn fyrirmælum 3. greinar í lögum 15. apríl 1854, og engin neyð er á ferðum, sem þar ræðir um, er sjálfsagt, að það á að láta hlutaðeiganda sæta ábyrgð fyrir það samkvæmt 9. grein þeirra laga.

44 29. jan. — *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* lán til að byggja upp kirkju. — Út af því, að sóknarpresturinn að Saurbæ á Hvalfjarðarströnd, sira Þorvaldur Böðvarsson, hefir sótt um, að sjer yrði veitt 1000 króna lán til að byggja timburkirkju í tjeðu prestakalli, svo sem stiptsyfirvöldin höfðu veitt honum ádrátt um 6. janúar 1873, hafið þjer, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi 13. nóvbr. f. á. lagt það til, að veitt sje Saurbæjarprestakalli í þessu skyni 1000 króna lán úr viðlagasjóði, með þeim kjörum, að greiddar sjeu 80 krónur á ári í vöxtu og upp í höfuðstólinn, og verður þá lánið að fullu lokið á 18 árum.

Út af þessu skal hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, birtingar og frekari ráðstöfunar, að tillögur yðar eru hjer með samþykktar.

ÓVEITT EMBÆTTI.

Brauðið Vellir í Svarfaðardal í Eyjafjarðarprófastsdæmi, met. kr. 992,14; augl. 23. þ. m.
Brauðið Ás í Fellum í Norður-Múlaprófastsdæmi, met. kr. 742,35; augl. s. d.

Stjórnartíðindin, báðar deildir, A og B, má panta á skrifstofu landshöfðingja og öllum póststöðvum á landinu. Borgunin fyrir þau öll er 1 kr. 66 a. um árið, og verður að greiða hana fyrir fram, um leið og tíðindin eru pöntuð. Um undanfarin ár, 1874—1877, eru Stjórnartíðindin eigi til öðru vísi en hept, og kosta þá 1 kr. 90 a. árgangurinn, nema sá um árið 1874; hann kostar ekki nema 95 aura.